

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Austurbyggð.

*Deiliskipulag Hlíðargötu 58, Skólamiðstöð á Fáskrúðsfirði.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Austurbyggðar þann 1. september 2005 samþykkt deiliskipulag grunnskólalóðar á Fáskrúðsfirði, dagsett í maí 2005. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti með greinargerð í mkv. 1:1000 og nær til reits sem afmarkast af Hlíðargötu, lóðum við Skólabrekku að austan og heilsugæslu að vestan. Gert er ráð fyrir byggingu skólamiðstöðvar á lóðinni með viðbyggingu við núverandi skólahúsnæði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Hlíðarbrekku, vestasti hluti Hlíðargötu og Skólavegar á Fáskrúðsfirði.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Austurbyggðar þann 1. desember 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hlíðarbrekku á Fáskrúðsfirði, dagsett í ágúst 2005. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti með greinargerð í mkv. 1:1000 og nær til reits sem afmarkast af Skólavegi, grunnskólalóð að austan og Búðalæk að vestan. Götonum Hlíðargötu og Hlíðarbrekku er breytt. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og stofnana á svæðinu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi, jafnframt er fellt úr gildi deiliskipulag Hlíð I, frá 26. mars 1995.

*Fáskrúðsfirði, 27. mars 2006.*

**Steinþór Pétursson,**  
sveitarstjóri Austurbyggðar.